

Akureyri, 26. júní 2023

Kópavogsbær
Skipulagsfulltrúi

Bláfjöll - skíðasvæði

Ósk um heimild til að breyta deiliskipulagi

Fyrir hönd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins óskar undirritaður eftir að gerði verði breyting á deiliskipulagi skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:

- Byggingarreitur nýrrar stólalyftu Drottningar við Kóngsgil stækkar til vesturs svo ný stólalyfta og botnstöð hennar verði að fullu innan byggingarreits. Byggingarreitinn er mjög stór eða 144.106 m² og stækkar hann um 848 m² og verður eftir breytingu 144.954 m². Skilmálar haldast óbreyttir.
- Þar sem byggingarreitur fyrir toglyftuna Patti broddgöltur liggur að byggingarreit stólalyftu minnkar hann óverulega eða um 116 m², úr 32.024 m² í 31.908 m². Skilmálar haldast óbreyttir.
- Þar sem háspennulínur liggja á því svæði sem breyting verður á byggingarreitum er gert ráð fyrir færslu þeirra og tekur framkvæmdaraðili á sig allan kostnað tengdum færslu háspennulína. Munu þær verða færðar þar sem byggingarreitir liggja saman

Þar sem breytingar á deiliskipulagi eru minniháttar og aðeins er verið að breyta legu byggingarreita og háspennustrengja er talið að um sé að ræða óverulega breytingu og þess óskað að breytingin verði afgreidd sem slík.

Meðfylgjandi er tillaga að uppdrætti breytingar á deiliskipulagi.

F.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

Landslag ehf

Ómar Ívarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026